MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Námsframboð og innritun

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Námsleiðir í MK

- Í **Menntaskólanum í Kópavogi** eru fjórar brautir til stúdentsprófs ásamt framhaldsskólabrú og starfsbraut fyrir nemendur á einhverfurófi. Við skólann er einnig starfrækt öflugt afreksíþróttasvið.

- **Hótel- og matvælaskólinn** býður upp á nám í grunndeild matvæla- og ferðagreina ásamt samningsbundnu iðnnámi í bakstri, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu. Auk þess er boðið upp á meistaranám, matsveinanám og matartæknanám.

- **Leiðsöguskólinn** hefur verið starfræktur í húsnæði skólans frá árinu 1976 og er boðið upp á tvö kjörsvið; almenna leiðsögn og gönguleiðsögn.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Stúdentspróf

- Stúdentsprófið er 202 einingar en 203 einingar fyrir þá nemendur sem velja afreksíþróttasvið með bóknámsbraut.
- Stúdentsbrautir eru þriggja ára brautir þar sem miðað er við að nemandi ljúki 30-35 einingum á önn.
- MK er áfangaskóli og algengt er að nemendur taki námið á lengri tíma og þá 25-30 einingar á hverri önn allt eftir því sem hentar hverjum og einum.
- Ef nemendur finna sig ekki á þeirri stúdentsbraut sem þeir völdu í byrjun er hægt að skipta um braut.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Bóknámsbrautir

- **Raungreinabraut**
  - Áhersla á eðlisfræði, efnafræði, líffræði, jarðfræði og stærðfræði.
- **Félags- og hugvísindabraut**
  - Áhersla á félagsfræði, sögu, sálfræði og tungumál.
- **Viðskipta- og hagfræðibraut**
  - Áhersla á viðskiptagreinar, hagfræði og stærðfræði.
- **Opin braut**
  - Áhersla á kjarnagreinar en nemendur byggja einnig upp sterkan þekkingargrunn í samræmi við eigin áhugasvið sem tryggir réttan undirbúning fyrir það framhaldsnám sem stefnt er á.
- **Framhaldsskólabrú**
  - Býr nemendur sem ekki hafa náð tilskyldum árangri á grunnskólaprófi undir frekara nám eða atvinnulífið. Brautin er þrjár annir og er lögð áhersla á kjarnagreinar.

**Allar bóknámsbrautir geta tengst afreksíþróttasviði.**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Afreksíþróttasvið MK

- Kröfuhart nám fyrir metnaðarfullt íþróttafólk með miklum stuðningi kennara og námsráðgjafa. Skilyrði að æfa og keppa innan íþróttafélaga.

- Nemendur velja sér stúdentsbraut eftir eigin áhugasviði og klára kjarnafög og bundið val af sinni braut.

- Afreksáfangi kemur í stað valáfanga og íþróttaáfanga; fimm eininga áfangi í sex annir, samtals 30 einingar.

- Gerðar eru sömu kröfur námslega til nemenda á afreksíþróttasviði og annarra nemanda og þannig geta þau valið sér framhaldsnám eftir áhuga og árangri.





MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Grunndeild matvæla- og ferðagreina (GMF)



- Nemendur á aldrinum 16-18 ára geta innritast í GMF sem er tveggja anna undirbúningsnám fyrir matvælagreinar.
- Umsækjendur skulu hafa lokið grunnskólaprófi með einkunnina C+ eða hærra í íslensku, stærðfræði og ensku.
- Nemendur með C og D í þessum fögum geta tekið eitt ár á framhaldsskólabrú áður en þeir sækja um GMF.
- Að loknu námi í GMF fara nemendur í samningsbundið iðnnám í matvælagreinum (bakstur – framreiðsla – kjötiðn - matreiðsla) eða geta sótt um bóknámsbrautir.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Námsaðstoð

- Nemendur eru með umsjónarkennara fyrstu tvö árin í bóknámi og fyrsta árið í GMF.
- Lögð er áhersla á símat en þó eru lokapróf í einhverjum áföngum. Lokapróf í desember og maí eru 90 mínútur en allir nemendur mega sitja í 120 mínútur.
- Verkefnatímar eru í stundatöflum allra nemenda. Þar eru faggreinakennarar til viðtals og nemendur geta fengið frekari aðstoð við námsefni og verkefni.
- Öllum nemendum stendur til boða talgervill sem les upp verkefni og próf.
- Nemendur fá aðstoð frá umsjónarkennurum, áfangastjóra og námsráðgjöfum við skipulagningu námsins og val á hverri önn.
- Hafi nemandi greiningu um námsvanda er nauðsynlegt að panta viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa. Engin gögn fylgja nemendum frá grunnskólanum.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Nemendaþjónusta

Þrír náms- og starfsráðgjafar eru starfandi við skólann og er opið hjá þeim á skólatíma:

- Hægt er að bóka ráðgjöf á heimasíðu skólans eða senda póst á netfangið namsradgjof@mk.is

Sálfræðingur skólans er Ásrún Á. Jónsdóttir. Hún veitir nemendum skólans sálfræðiþjónustu þeim að kostnaðarlausu.

- Hægt er að bóka viðtal á heimasíðu skólans eða senda póst á asrun.jonsdottir@mk.is

Auk þess er hjúkrunarfræðingur frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins með viðveru 2-3 í viku.

- Hægt er að bóka tíma á mk@heilsugaeslan.is

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Nemendaþjónusta

- Í skólanum er vel búið bókasafn með góðri aðstöðu. Bókasafnið verður endurnýjað í sumar og lesaðstaða bætt enn frekar.
- Allir nemendur þurfa að vera með eigin fartölvur en hægt er að fá lánaða tölvu á bókasafni til að nota innan dagsins. Kerfisstjóri skólans veitir tækniaðstoð á skólatíma.
  - Nemendur ráða hvort þeir eru með PC eða Mac tölvu en mikilvægt að þeir kunni á sína tölvu. Nemendur þurfa m.a. að kunna að búa til möppur og vista skjöl.
- Í skólanum notum við INNU til þess að halda utan um viðveru, stundatöflur, próftöflur, námsferil og einkunnir.
  - Forráðamenn eru með aðgang að INNU.
- Moodle er kennsluumhverfi þar sem hver og einn áfangi hefur sitt svæði. Kennarar setja þar inn kennsluáætlanir, próf, námsefni ofl.
  - Forráðamenn eru <u>ekki</u> með aðgang að Moodle
  - Mikilvægt er að nemendur hafi rafræn skilríki til að komast inn á Office og Moodle.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Íþróttir í MK



- Nemendur fá gjaldfrjálst kort í Sporthúsinu í stað íþróttatíma í stundatöflu og fá eina einingu ef þeir mæta í 23 skipti á önn.
- Þeir nemendur sem æfa í annarri líkamsræktarstöð eða hjá íþróttafélagi geta fengið eina einingu á önn fyrir það.
- Nemendur á afrekssviði eru ekki í hefðbundnum íþróttum heldur eru í afreksáföngum í staðinn.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Nemendafélag MK

- Í MK er líflegt félagslíf og eru nýnemar hvattir til að taka þátt í starfi nefnda.
  - Nýnemadagur og nýnemaferð
  - Böll og árshátíð
  - Gettu betur
  - Íþróttadagur
  - Tyllidagar
  - Leikfélag
  - Fjölmargar nefndir
  - ...og margt, margt fleira...





MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Innritun haust 2025

- Innritun nýnema í bóknám er opin frá 25. apríl til 10. júní 2025.
- Innritaðir eru 250 nýnemar úr 10. bekk.
  - 166 nemendur á stúdentsprófsbrautir.
  - 36 nemendur á framhaldsskólabrú.
  - 48 nemendur í grunndeild matvæla- og ferðagreina.
- Af þessum 250 nemendum eru um það bil 90-100 teknir inn á afreksíþróttasvið.
- Nemendur eru teknir inn á grundvelli einkunna úr grunnskóla.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Inntökuskilyrði

- Miðað er við að umsækjandi hafi fengið einkunnina A, B+ eða B í ensku, íslensku og stærðfræði við lok grunnskóla til að hefja stúdentsnám.
  - Nemendur sem hafa tekið íslensku sem annað mál fá þá einkunn metna í stað íslenskueinkunnar.
- Hafi umsækjandi einkunn undir því viðmiði (C+) getur viðkomandi innritast á stúdentsbraut en tekur áfanga á fyrsta þrepi í viðkomandi grein-/um.
  - ATH einingar í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði á fyrsta þrepi teljast ekki með til stúdentsprófs.
- Umsækjendur með einkunnina C og D í íslensku, ensku og stærðfræði innritast á framhaldsskólabrú.
  - Nemendur ljúka námi á framhaldsskólabrú á einu og hálfu ári en geta þó lokið brúnni á styttri tíma ef þeir standa sig vel.
  - Fámennir bekkir og mikill stuðningur.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Úrvinnsla umsókna

- Einkunnir eru umreiknaðar í stig við úrvinnsluna og eru nemendur með flestu stigin í ensku, íslensku og stærðfræði í forgangi.

| D | C | C+ | B | B+ | A |
|---|---|---|---|---|---|
| 1,00 | 2,00 | 2,75 | 3,00 | 3,75 | 4,00 |

- **Tvöfalt vægi er á einkunnum í íslensku og stærðfræði.**
  - Dæmi um útreikning stiga miðað við einkunnir:
    - Enska A = 4,00 stig
    - Íslenska B+ = 3,75 stig (tvöfalt vægi) = 7,50 stig
    - Stærðfræði B = 3,00 stig (tvöfalt vægi) = 6,00 stig

    *Þessi umsækjandi er þá með 17,50 stig*

- Komi til þess að velja þurfi á milli umsækjenda ganga þeir fyrir sem:
  - hafa flest stig í Norðurlandamáli, náttúrufræði og samfélagsfræði.
    - ath ef nemandi var ekki í dönsku í grunnskóla þá hefur það ekki áhrif á stigaútreikning til lækkunar.
  - búa í nærumhverfi skólans.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
Hótel- og matvælaskólinn
Leiðsöguskólinn

# Nánari upplýsingar um innritun á www.innritun.is

Innritun eldri nema: 14. mars – 26. maí

Innritun nemenda úr grunnskóla: 25. apríl – 10. júní